

AUGLÝSING

um deiliskipulag á reitum 9 og 11 í Salahverfi.

Á fundi bæjarstjórnar Kópavogs 8. júní 1999 var samþykkt tillaga að deiliskipulagi á reitum 9 og 11 í Salahverfi. Tillagan var auglýst samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 frá 29. mars til 8. maí 1999 og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Kópavogi, 25. júní 1999.

Birgir H. Sigurðsson skipulagsstjóri.

29. júní 1999

Nr. 454

SAMÞYKKT

um kattahald á Suðurnesjum.

1. gr.

Samþykkt þessi er gerð til að stuðla að því að eigendur og umráðamenn katta fari vel með ketti og tryggji þeim góða vist og sjái jafnframt til þess að þeir lendi ekki á flækingsi.

2. gr.

Ef köttur veldur nágrönnum eða öðrum ónæði, óþrifum eða tjóni, þá ber eiganda eða forráðamanni að leita leiða til að koma í veg fyrir slíkt.

Kattaeigendur eru ábyrgir fyrir því tjóni sem kettir þeirra sannanlega valda. Foreldrar eru ábyrgir fyrir köttum ólögráða barna sinna.

3. gr.

Alla ketti skal merkja með ól um hálsinn, eða á annan sambærilegan hátt, þar sem fram koma upplýsingar um eiganda, heimilisfang og símanúmer.

4. gr.

Eigendum og forráðamönnum katta ber að taka tillit til fuglalífs á varptíma, t.d. með því að hengja bjöllu á ketti og eftir atvikum að takmarka útiveru katta.

5. gr.

Ketti skal ormahreinsa reglulega, þ.e.a.s. einu sinni á ári eða oftár eftir þörfum. Eigendur katta skulu halda til haga vottorðum um reglulega ormahreinsun katta. Hvatt er til reglulegra bólusetninga katta gegn helstu smitsjúkdómum þeirra.

6. gr.

Ef köttur hverfur frá heimili sínu skal eigandi eða umráðamaður gera ráðstafanir til að finna köttinn. Heilbrigðisnefnd, heilbrigðisfulltrúi eða aðili sem hefur sérstakt umboð þeirra getur handsamað ketti. Hafi kattarinn ekki verið vitjað innan einnar viku skal honum ráðstafað til nýs eiganda eða hann aflífaður.

7. gr.

Hlutaðeigandi sveitarstjórn skal gera ráðstafanir til útrýmingar á ómerktum flækingsköttum. Slíkar aðgerðir skulu auglýstar á áberandi hátt með a.m.k. einnar viku fyrirvara.